

Nd. 601. Breytingartillögur [192. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 41 1955, um greiðslu kostnaðar við skóla, sem reknir eru sameiginlega af ríki og sveitarfélögum, og lögum nr. 18 1958.

Frá Gísla Jónssyni.

1. Við 1. gr. Greinin falli niður.
2. Við 2. gr. Greinin falli niður.
3. Við 3. gr. Greinin orðist svo:
Á eftir 1. málsg. 18. gr. laganna komi ný málsgrein, svo hljóðandi:
Heimavistarskólar gagnfræðastígs (héraðsskólar), sem nú eru starfræktir að Laugarvatni, Laugum, Núpi, Reykholti, Reykjanesi, Reykjum og Skógum, skulu þó vera séreign ríkisins, ef hlutaðeigandi sveitarfélög óska þess. Skulu sveitarfélögin þá afhenda ríkissjóði skuldlaust og kvaðalaust sinn hluta í eignum skólanna, eins og hann er í árslok 1961.
4. Við 4. gr. Greinin falli niður.
5. Við 5. gr. Greinin orðist svo:
Lög þessi öðlast þegar gildi.
6. Við fyrirsögn. Orðin „og lögum nr. 18 1958“ falli burt.